



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

3. mars 2011

9. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



Veislupjónusta !

Við gerum tilboð í ýmiskonar  
veislur, ráðstefnur og fundi,  
svo sem Fermingar, afmæli,  
brúðkaup og erfidrykkjur.

Heitur matur  
Köld borð  
Pinnamatur  
Snittur  
Kökuhlaðborð

**Vesturslóð**

Restaurant • Bar  
Edinborgarhúsinu  
Sími: 456 6620



## Vill varðveita sögurnar

„Rakarastofa svona upp á gamla mátann  
er eiginlega að deyja út,“ segir Samúel Jón  
Einarsson rakari, sem safnað hefur og gefið  
út margar þær sögur sem ómað hafa  
á rakarastofu hans og Villa Valla í gegnum  
tíðina. Hann segir frá stemningunni  
á stofunni, ferðalögunum með BG  
og hljóðfæradaðrinu á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |

**EIMSKIP**  
Flytjandi



# Byggðastofnun samþykkir ekki Lotnu

Stjórn Byggðastofnunar samþykkir ekki kaup Lotnu ehf., á fiskvinnslufyrirtækinu Eyrarodda ehf., á Flateyri vegna viðskiptasögu eigenda Lotnu. Anna Kristín Gunnarsdóttir, stjórnarformaður Byggðastofnunar, sagði í samtali við Morgunblaðið að stjórn Byggðastofnunar hefði verið búin að komast að þessari niðurstöðu áður en stjórnarfundurinn var haldinn. „Starfsmenn Byggðastofnunar voru búnir að fara yfir málið og því var hafnað af eðlilegum ástæðum. Við horfum þar til viðskiptasögu þeirra og eins hefur þetta ekki verið auglýst,“ sagði Anna Kristín.

Kristján Kristjánsson hjá Lotnu sagðist vera mjög undrandi á þessari afgreiðslu. „Skiptastjóri var búinn að selja okkur húsin með fyrirvara um samþykki Byggðastofnunar og annarra. Byggðastofnun var búin að samþykkja allt, lánakjör, vexti, greiðslutilhögun, mennina og allan gjörninginn með skriflegum hætti. Um viku seinna fáum við upplýsingar um að þeir séu hættir við, en þá vorum við búnir að ráða fólk og byrjaðir að vinna í húsinu. Svona vinnubrögð geta tæplega gengið,“ sagði Kristján í samtali við Morgunblaðið.

Sigurður meðeigandi Kristjáns, segir að fiskvinnsla haldi áfram á Flateyri þó að Byggða-



Sigurður Aðalsteinsson, einn eigenda Lotnu ehf.

stofnun leggist gegn kaupum Lotnu á eignum úr þrotabúi Eyrarodda. Hann segir að lögfræðingur Byggðastofnunar sé búinn að skrifa undir pappíra um sölu til Lotnu.

„Við munum halda áfram að vinna fisk á Flateyri enda erum við búnir að kaupa þessar eignir,“ sagði Sigurður. „Skiptastjóri þrotabús Eyrarodda er búinn að

selja Lotnu allar eignir búins, sama hvort það eru eignir sem eru með veði í eignum Byggðastofnunar eða annarra. Byggðastofnun á engar eignir þarna á staðnum. Hún á bara veð í hluta af þessum eignum. Allir veðhafar í þessum eignum voru búnir að samþykkja kauptilboð okkar. Þeir sem lánuðu til kaupanna hafa samþykkt að breyta lánnum.

Byggðastofnun er ekki að samþykkja neitt kauptilboð. Stofnunin er bara að samþykkja að skipta um greiðanda á þeim eignum sem stofnunin er með veð í,“ sagði Sigurður.

Eyraroddi átti þrjú fiskvinnsluhús á Flateyri og sagði Sigurður að Byggðastofnun hefði átt veð í tveimur þeirra. Ef Byggðastofnun ákveði að leysa til sín þessar

tvær eignir þá haldni Lotna bara áfram fiskvinnslu í þriðja húsinu. „Reksturinn verður ekki stöðvaður þarna,“ sagði Sigurður sem er harðorður í garð Byggðastofnunar. „Það er eins og hægri höndin viti ekki hvað vinstri höndin er að gera. Ég er ekki hissa á að rekstur Byggðastofnunar gangi svona illa ef þetta eru vinnubrögðin sem eru viðhöfð.“

## Skipulagsbreytingar hjá Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögur að nýju skipuriti þar sem m.a. er gert ráð fyrir fimm stjórnsýslusviðum í stað þriggja. Fimm starfsmönnum verður sagt upp störfum í kjölfarið, þar af tveimur yfirmönnum og þremur í stjórnsýslu bæjarins. Í staðinn verða auglýstar tvær stöður sviðsstjóra og ný störf á skóla- og tómstundasviði. „Uppsagnirnar taka gildi í dag (föstudag í síðustu viku) en flestir þeirra sem sagt var upp eru með uppsagnarfrest til 1. júní og einhverjir eru með biðlaun,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Við vonumst þó til að við getum boðið flestum þeirra sem sagt var upp, starf á ný innan sveitarfélagsins.“ Aðspurður hversu miklum fjármunum áætlað er að hagræðingin skili bænum segir Daníel að hér sé verið að fækka um tvö stöðugildi og sparnaður við það sé um 10-13 milljónir á ári.

Tillaga um skipulagsbreytingarnar var samþykkt einróma af bæjarstjórn. Í tillögunum felst meðal annars að hafnir Ísafjarðar-

bæjar, slökkvilið og upplýsingafulltrúi heyra beint undir bæjarstjóra. Skóla- og fjölskyldusviði verður skipt upp í tvö svið. Félagsmálasvið sem Margrét Geirsdóttir mun stýra, og skóla- og tómstundasvið þar sem auglýst verður eftir sviðsstjóra. Starf íþrótta- og tómstundafulltrúa, leikskólafulltrúa og grunnskólafulltrúa verður lagt niður og í staðinn verður auglýst eftir sviðsstjóra skólasviðs auk þess sem að hálf til eitt stöðugildi til viðbótar verður auglýst. Verkefni áðurnefndra starfsmanna færast á þessar nýju stöður.

Stjórnsýslusviði verður skipt upp í tvö svið. Fjármálastjóri verður gerður að sviðsstjóra og mun Jón H. Oddsson gegna því starfi áfram. Starf framkvæmdastjóra Fasteigna Ísafjarðarbæjar verður lagt niður sem og starf sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs. Í staðinn verður til nýtt svið umhverfis- og eignasvið þar sem auglýst verður eftir nýjum sviðsstjóra.

Að því kemur í minnisblaði bæjarstjóra sem lagt var fyrir bæj-



Fimm starfsmönnum Ísafjarðarbæjar verður sagt upp í kjölfar skipulagsbreytinganna.

arstjórn er markmiðið með breytingum margþætt. Í fyrsta lagi að skerpa á áherslum og aðlaga skipuritið að því hvernig það virkar í raun og veru. Í öðru lagi er verið að leggja meiri áherslu á

fræðslu- og tómstundamál með það að markmiði að efla samþættingu og samvinnu skólastiga og skóla bæjarins sem og tryggja að það fjármagn sem sett er í skóla- og tómstundamál sé nýtt

eins vel og kostur er. Í þriðja lagi er verið að sameina alla eignaumsjón bæjarins á einn stað með sameiningu Fasteigna Ísafjarðarbæjar og framkvæmda- og rekstrarsviðs. — thelma@bb.is



**Samkaup**

**úrval**

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 3. - 6. mars

**Góð kaup!**

~~549~~

**395** kr/kg

**Ódýrt lambasaltkjöt**  
frá kjötseli

**Góð kaup!**

~~2.939~~

**2.322** kr/kg

**Kindafilé**  
úr kjötbörði eða pakkað ferskt

**Úrvals kinda innanlæri**



**Góð kaup!**

**1.998** kr/kg

**38% afsláttur**

~~1.598~~

**999** kr/pk

**Kalkúnabollur 800 g**  
frá Ísfugli

**Góð kaup!**

~~329~~

**299** kr/pk

**Hvítlauksbrauð**  
2 stk, 350g, frá Coop

**Valið úrvals lambasaltkjöt!**

**Góð kaup!**

**1.499** kr/kg

400g, verð áður 1.898 kr/kg

**25% afsláttur**

~~399~~

**299** kr/pk

**Jarðarber**  
lausfryst, 500g, frá Coop



**50% afsláttur**

**Laukur 79** kr/kg

verð áður 158 kr/kg

**Gulrófur**

**50% afsláttur**

**125** kr/kg

verð áður 249 kr/kg

...einstök þjónusta í góðum verslunum

sjá fleiri sparnaðartilboð og uppskriftir á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)



# Fjölbreyttu tónlistarstarfi gerð skil

Mikil tónlistarhátíð var á Ísa-firði og um land allt á laugardag í tilefni af Degi tónlistarskólanna, en markmiðið með hátíðinni í ár var að vekja athygli almennings og stjórnvalda á því mikla starfi sem fram fer í tónlistarskólum landsins. Í Tónlistarskóla Ísa-fjarðar var blásið miðsvetrartónleika en þeir hafa verið haldnir í skólanum svo lengi sem elstu menn muna. Tónleikarnir á Ísa-firði voru tvennir með fjölbreytti dagskrá. Fyrri tónleikarnir voru í Hömrum á fimmtudag en þar komu fram um 80 nemendur sem léku á ýmis hljóðfæri. Síðari tónleikarnir voru í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Þar komu fram stærri hópar, m.a. barnakór, þrjár lúðrasveitir, gítarsveit og einnig voru flutt atriði úr Samféskeppninni sem nýlega fór fram.

Loks kom Stórhljómsveitin „Ísófónía“ fram á tónleikunum, en hún var sett saman sérstaklega af þessu tilefni. Sveitin var skipuð 60-70 hljóðfæraleikurum á öll möguleg hljóðfæri. „Ísófónían“ flutti þekkt dægurlög á borð við Þú komst við hjartað í mér og Jungle Drum við söng Stúlkna-kórs skólans. Tónleikarnir hlutu góðar viðtökur og húsfullir var á þeim báðum.

Markmið beggja tónleikanna var að kynna hið viðamikla starf sem fram fer í Tónlistarskóla Ísa-fjarðar en ekki síður að kennarar og nemendur skemmti sér og öðrum með fjölbreyttum tónlistarflutningi á léttu nútunum. Sigríður Ragnarsdóttir notaði tækifærið og hrósaði bæði nemendum og kennurum fyrir gott starf.

– thelma@bb.is



Hluti Ísófóníu, stórhljómsveitar sem skipuð var fyrir tónleikana.

## Lonely Planet mælir með Aldrei fór ég suður

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er meðal þriggja áhuga-verðustu viðburða heims í apríl að mati umsvifamesta útgefanda ferðabóka í heiminum, Lonely Planet. Eins og fram hefur komið telur ferðabókaútgáfan Vestfirði vera meðal tíu áhugaverðustu svæðanna til að ferðast um. Í samtali við fréttir Stöðvar 2 segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, að val Lonely Planet á Vestfjörðum sem áhuga-verðan stað til að ferðast um, sé

staðfesting á því sem Vestfirðingar nú þegar vita. „Nú erum við að búa okkur undir allra þátraffík sem von er á í sumar,“ segir Daníel. Hann segir ljóst að ferðabókaútgáfurisinn hafi algjörlega fallið fyrir hátíðinni Aldrei fór ég suður, sem haldin er á opnu, fallegu og auðlegðu svæði.

„Það er í raun algerlega ótrúlegt að hátíðin okkar skuli rata þarna inn,“ segir Jón Þór Þorleifsson rokkstjóri Aldrei fór ég suður. Aðspurður hvort þetta gefi

hátíðinni ekki byr undir báða vængi svarar hann afdráttarlaust já. „Þetta hlýtur að vera eðal gæðastimpill á því sem við erum búin að vera að gera miðað við hvað það er mikið í gangi um allan heim í apríl og vonandi að þetta hjálpi okkur við að gera Vestfirði að enn meira spennandi áfangastað fyrir útlendingana.“

Í umsögn Lonely Planet um

Vestfirði segir: „Hver sá sem er það heppinn að heimsækja Ísland snýr þaðan með kringlótt augu og opinmyntur með sögur í far-teskinu af ótaminni eyju með eldfjöllum (já líka því eldfjalli), foss-um og einstakri náttúrufergurð. Það kemur ekki á óvart að leiðir út frá Reykjavík og hringinn um Ísland eru fjölfarnar, sérstaklega á sumrin. En það er annað Ísland:

hljóðlát leyndarmál um lands-hluta sem litla athygli hefur fengið en hefur í ár vakið hrifningu sem erftitt er að horfa framhjá. Staðurinn er Vestfirðir, skringilega skapaður skagi sem er aðeins tengdur restinni af landinu með mjórri landræmu. Það er eins einangrað og það er stórfenglegt,“ segir í umsögn um Vestfirði á vef Lonely Planet.

### Eignir protabús til sölu

Til sölu eru neðangreindar eignir protabús Eyrarodda hf.:

**Fasteignin Hafnarbakki 5, 425 Flateyri, fastanr. 212-6399.**

**Fasteignin Hafnarbakki 5, 425 Flateyri, fastanr. 212-6400.**

**Fasteignin Hafnarbakki 5, 425 Flateyri, fastanr. 212-6408.**

**Fasteignin Hafnarbakki 8, 425 Flateyri, fastanr. 212-6406.**

**Fasteignin Oddavegur 3, 425 Flateyri, fastanr. 212-6395, ásamt vélum og tækjum veðsettum Byggðastofnun.**

**Skipið Stjáni Ebba ÍS 056, skipaskrárn. 2515.**

Tilboðum skal skilað til skiptastjóra innan 7 daga frá birtingu auglýsinga þessarar. Skiptastjóri áskilur sér rétt f.h. protabúsins til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri, Friðbjörn E. Garðarsson hrl., í síma 571 5040.

## Samþykkt að fara í viðræður um uppkaup

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að hefja viðræður um uppkaup á fasteignunum að Seljalandsvegi 100 og 102 vegna væntanlegra framkvæmda við ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Frumathugun á ofanflóðavörnum, sem unnin var árið 2009 af verkfræðistofnunni Verkís, gerði ráð fyrir að

verkinu yrði skipt í fimm hluta. Þær framkvæmdir sem nú standa yfir eru á garði nr. 5, sem er fyrir ofan Hjallaveg.

Að því er fram kemur í minnisblaði bæjartækni- og fræðings er garður 1 um 14 metra hár og 260 metra langur og ver í sjálfu sér ekki mörg hús. Ofanflóðasjóður vill því að skoðað verði hvort hægt sé að fara aðrar leiðir þar,

t.d. með uppkaupum á húsunum við Seljalandsveg 100 og 102.

Í minnisblaðinu kemur jafnframt fram að kostnaður við uppkaupin sé um 60-80 milljónir króna sem sé ódýrari leið en bygging varnargarðs. Þegar ákvörðunin liggja fyrir verður hægt að hefja vinnu við umhverfismat, deiliskipulag og endanlega hönnun mannvirkisins.

## 46 Vestfirðingar létust árið 2010

Alls létust 46 einstaklingar á síðasta ári sem búsettir voru á Vestfjörðum, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar. Um er að ræða nákvæmlega sama fjölda látinna og árið 2009 en árið 2008 létust 52 Vestfirðingar. Síðastliðin ár hafa fleiri karlmenn látist en konur. Í fyrra létust 24 karlar og 22 konur, en árið 2009 létust 19 konur og 27 karlmenn. Vestfirðingar eru nú um 7.300

talsins sem þýðir að dánartíðin er 6,3 á hverja 1000 íbúa sem er nákvæmlega sama tíðni og á landinu öllu.

Í tölum Hagstofunnar kemur fram að á Íslandi sé lægsti ungbarnadauði meðal Evrópuþjóða eða 1,8 börn af 1000 lifandi fæddum á meðan ungbarnadauði í Evrópusambandinu var 4,3. Íslenskir karlar eru þeir langlífustu í Evrópu og hafa lífslíkur íslensk-

ra karla batnað mjög á undanförnum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir bætt við sig rúmlega tveimur árum í meðal ævilengd. Meðal ævilengd íslenskra karla er 79,7 ár. Íslenskar konur voru lengi vel þær langlífustu í heiminum en þær hafa látið undan síga á þessari öld og eru nú í fimmta sæti. Meðal ævilengd íslenskra kvenna er 83,3 ár.

– kte@bb.is





# K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR **100 KR. VERÐLÆKKUN** **VERÐ NÚ 598 KR.KG.**

**Vinsælasta saltkjötið í Bónus**  
**er frá Kjarnafæði Hver pakki u.p.b. 1 kg.**



KJARNAFÆÐI VALIÐ SALTJÖT  
**1798 KR.KG**



KJARNAFÆÐI BLANDAÐ SALTJÖT  
**998 KR.KG**



KJARNAFÆÐI ÓDÝRT SALTJÖT  
**498 KR.KG**



BÚRFELLS SALTJÖT  
**398 KR.KG**



KÖTLU VATNSDEIGS BOLLUMIX 350g  
**259 KR.pk**



KJARNASULTUR BLÖNDUÐ-JARÐARBERJA OG BLÁBERJA  
**279 KR.400g**



# Svalítil Pallyanna

Ásgerður Þorleifsdóttir, verk-efnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða á Ísafirði, segir það hafa verið eina skynsamlegustu ákvörðun lífs síns að flytjast aftur á heimaslóðir eftir um tíu ára búsetu í Reykjavík. Ásgerður segir hér frá starfinu með Atvinnuþróunarfélaginu, besta skól- anum sem hún hefur gengið í, flughræðslunni og lífsgæðunum á landsbyggðinni.

## Starf með fötluð- um bestí skólinn

Ásgerður, eða Ása eins og hún er kölluð af vinum og fjölskyldu er dóttir hjónanna Þorleifs Ing- ólfssonar og Láru Huldu Arn- björnsdóttur í Bolungarvík. „Ég fæddist reyndar á Ísafirði en ólst upp í Bolungarvík og er sannur Víkari. Pabbi er þaðan en mamma er Keflvíkingur. Hún fluttist vest- ur þegar hún var sextán ára og hefur verið hér alveg síðan,“ útskýrir Ása.

Sjálf fluttist hún til Akureyrar sextán ára gömul til að ganga í menntaskóla. Að stúdentsprófi loknu fluttist hún hins vegar til Reykjavíkur þar sem hún dvaldist í um tíu ár.

„Ég var bæði í námi og að vinna. Fyrst vann ég á skamm- tímaheimili fyrir fötluð börn í nokkur ár. Það hefur eiginlega reynst mér mesti og bestí skóli

sem ég hef farið í. Þetta var mjög áhugavert og krefjandi starf og mjög góður tími,“ segir Ása. „Ég lærði heilan helling. Ég held til dæmis að ég hafi lært mikið um- burðarlyndi og æðruleysi á því að vinna þar,“ bætir hún við.

Eftir nokkurra ára starf fór hún í háskólanám. „Ég fór fyrst í sál- fræði í hálft ár, en hætti því og skipti yfir í viðskiptafræði sem ég lauk svo. Sálfræðin hentaði mér ekki, en ástæðan fyrir því að fór í viðskiptafræðina var mann- legi þátturinn – ég hafði mikinn áhuga á stjórnun, starfsmanna- málum, mannauðsstjórnun og slíku. Þannig voru áherslurnar í mínu námi,“ útskýrir Ása.

## Fékk nóg af stressinu

Samhliða háskólanámi sínu vann Ása fyrir ferðaskrifstofun- ar Heimsferðir og Terra Nova. „Eftir að ég byrjaði í náminu fékk ég vinnu hjá þeim, fyrst í bókhaldinu. Ég vann svo þar meðfram námi og barneignum, en tók náttúrulega frí í kringum þær og fæðingarorlof og slíkt,“ segir Ása, sem eignaðist börnin Unu Salvöru sem nú er að verða 9 ára og Frosta 4 ára, á þessum tíma.

Þegar hún snéri aftur til vinnu úr seinna fæðingarorlofi sínu leið hins vegar ekki á löngu þar til hún fékk nóg af stressinu sem

fylgdi því að sinna tveimur börn- um í Reykjavík. Hún segir það hins vegar alltaf hafa blundað í sér að snúa aftur vestur. „Við för- um vestur í öllum fríum, reyndum að koma í jólafríum, páskafríum og á sumrin líka. Það var alltaf einhver sjarmi sem fylgdi því að vera hér fyrir vestan,“ segir Ása.

„Þegar ég ætlaði að fara aftur að vinna fékk ég eiginlega ógeð á öllu í Reykjavík, að skutla í leik- skólann og skutla til dagmömmu og skutla í tómtundir og svo saknaði maður þess auðvitað að komast ekki í mat til mömmu og vildi að börnin væru nær fólkinu sínu... Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að búa hérna, þrátt fyrir að það komi líka einhverjir ókostir á móti, eins og lægri laun og öðruvísi atvinnuumhverfi,“ segir hún.

Hún segist enda ekki sjá eftir þeirri ákvörðun að flytjast á Ísa- fjörð. „Ég held ég geti sagt að þetta sé ein skynsamlegasta ákvörðun lífs míns. Ég sé ekki eftir henni. Það er algjör draumur að vera hérna með börn. Ég er með eitt barn á leikskóla og ann- að í grunnskóla, þau æfa íþróttir og eru í tónlistarskóla en hér er maður algjörlega laus við allt þetta skutl. Þegar maður kemur heim úr vinnunni klukkan fjögur er allt búið og allur dagurinn fram- undan – nægur tími til að fara á skíði eða í sund, út að leika og

læra heima og elda matinn án þess að vera í kapphlaupi við tímann. Svo er auðvitað dásam- legt að geta rennt í mat út í vík þegar maður nennir ekki að elda,“ segir Ása.

## Spennandi starf hjá At- vinnuþróunarfélaginu

Eftir að ákvörðunin um að láta á það reyna að flytja sig um sel hafði verið tekin grennslaðist Ása fyrir um hvaða störf væru í boði á Ísafirði. „Ég komst að því að það væri að losna starf hjá At- vinnuþróunarfélaginu og var bent á að sækja um. Ég gerði það og fékk starfið. Þetta gerðist allt mjög hratt, ég tók ákvörðun í september um að prófa þetta, fékk starfið í október og var flutt í desember,“ segir hún og brosir.

Starfið sem fram fer hjá At- vinnuþróunarfélaginu er afar fjölbreytt og ekki átta sig allir á því í hverju það felst. „Það er svo sem eðlilegt að fólk sem ekki hefur notið þjónustu okkar skilji það ekki alveg. Sú ráðgjöf sem við veitum fyrirtækjum og ein- staklingum er til dæmis trúnað- armál, svo við getum ekki mikið verið að státa okkur af afrekum á því sviði,“ segir hún brosandí.

Ása segir enda nokkuð erfitt að útskýra starf sitt, því engir tveir dagar séu eins. „Helsta verkefnið er að veita einstakl-

ingum og fyrirtækjum sem eru í rekstri eða vilja fara í rekstur ráðgjöf og aðstoð. Fólk getur komið inn af götunni með hug- myndir sem það vill próa áfram. Við aðstoðum þá við að útfæra þær hugmyndir, við gerð við- skiptaáætlunar og rekstraráætl- unar og beinum þeim í réttar áttir með hvar þau geta leitað að fjár- magni og fengið styrki svo eitt- hvað sé nefnt,“ útskýrir Ása.

Hjá Atvinnuþróunarfélaginu starfa fimm verkefnastjórar með mismunandi áherslusvið og sér- þekkingu. „Ég sinni þar mest- megnis ferðapjónustu og menn- ingartengdum verkefnum. Auk þess hef ég lagt töluverða áherslu á konur í atvinnurekstri og fyrir- tæki í eigu og rekstri kvenna.

## Ferðamenn vilja upplifun

Ása vinnur sömuleiðis mikið að klasaverkefnum í ferðapjón- ustu, þar sem fyrirtæki með sam- eiginlega hagsmuni koma saman og vinna að sameiginlegum markmiðum. „Frá því að ég byrj- aði hef ég haft mikinn á öllu sem tengist mat og matartengdri ferðapjónustu,“ segir hún. „Ég stýri verkefni sem heitir Veisla að vestan, sem er samstarfsverk- efni fyrirtækja um alla Vestfirði og miðar að því að auka sýnileika

## Spurningin

Ertu sátt(ur) með ákvörðun forsetans að vísa lcesave samning- unum til þjóðarinnar?

Alls svöruðu 827.  
Já sögðu 471 eða 57%  
Nei sögðu 313 eða 38%  
Alveg sama sögðu 43 eða 5%

Netspurningin er birt viku- lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Hvöss vestlæg átt, en hægari þegar líður á daginn. Dálítil el og kólnandi veður. **Horfur á laugardag:** Vaxandi suðlæg átt með slyddu eða rigningu. Hlýnandi veður. **Horfur á sunnu- dag:** Útlit fyrir suðvest- anátt með eljum og kóln- andi veðri um land allt.

## Ritstjórnargrein

# Aftur í gólfið!

„Fagna ber að blásið hefur verið á ný til leiks í atvinnumálum á Flateyri.“ Hálfur mánuður er liðinn síðan leiðaraskrif BB hófust með þessum orðum. Við sögðum líka að „augu manna ættu að fara að opn- ast fyrir því að fólk í sjávarþorpum umber ekki endalaust þá þolraun að standa í sporum hnefaleikarans í hringnum sem getur átt von á að vera sleginn niður, meðvitaður um að við hvert fall dvínar prekið til að standa upp að nýju.“ Nú hefur það gerst: Íbúar Flateyrar hafa aft- ur orðið að lúta í gólfið!

Aðstandendur Lotnu ehf., sem ekki var annað vitað en að náð hefðu samkomulagi um kaup á eignum þrotabús Eyrarodda ehf., höfðu ráðið til sín fólk, hafið útgerð og vinnslu í frystihúsinu með fyrirheit- um um frekari aðkomu að atvinnulífi staðarins eru allt í einu slegnir út af borðinu af Byggðastofnun. Ástæðan sögð viðskiptaleg fortíð þeirra.

BB hefur engar forsendur til að meta afstöðu Byggðastofnunar eða viðskiptasögu eigenda Lotnu ehf. Málsmeðferðin vekur hins vegar furðu og er í meira lagi ámælisverð. Hvernig má vera að fyrir um mánuði hafi þingmenn kjördæmisins komið til fundar við Flat- eyringa og sagt málið vera í höfn hjá Byggðastofnun. Aðeins ein- hver formsatriði ófrágengin? Forstjóri Lotnu ehf segir Byggðastofnun þegar hafa veitt skriflegt samþykki fyrir yfirtöku fyrirtækisins á skuldum Eyrarodda og því hafi starfsfólk verið ráðið og veiðar og

vinnsla hafist. Hver gaf þetta skriflega samþykki út? Á sama tíma getur forstjóri Byggðastofnunar ekki útskýrt hvers vegna Lotnu ehf., var veitt heimildin og vísar á skiptastjóra þrotabúsins.

Viðbrögð formanns Íbúasamtaka Flateyrar eru sterk: „Við erum sár og reið, burtséð frá því hvaða karakterar þetta eru.“ Hann segir að með framgöngu sinni hafi Byggðastofnun og skiptaráðandi haft Flateyringa að leiksoppum: „Þetta er svo yfiringilega undarlegt mál. Ég held að flestir skilji þorpsálina hér, fólk var ánægt og kátt þegar það sá að þetta virtist ætla að komast svona fljótt af stað aftur.“ Daniel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er vonsvikinn. Hann hefði viljað sjá Byggðastofnun grípa inn í fyrr og að Ísafjarðarbær, einn kröfuhafi í þrotabú Eyrarodda ehf, muni leggja sig í framkróka um að greiða fyrir lausn málsins.

Forstjóri og stjórnarformaður Byggðastofnunar og skiptaráðandi þrotabús Eyrarodda ehf., komast ekki hjá því að svara hvernig í ósköpunum þeir klúðruðu málinu með þeim afleiðingum, sem nú blasa við. Og hvað segja þingmennirnir okkar? Gamla embættis- mannaafsökunin um trúnað og að mál einstakra aðila séu ekki rædd opinberlega, gildir ekki. Embættismennirnir sem þarna komu að vekri verða að gera hreint fyrir sínum dyrum. Allt annað er óvirðing við íbúa Flateyrar.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is). **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is). · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, [kte@bb.is](mailto:kte@bb.is). **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is). **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



vestfirskra matvæla, auka gæði þeirra, efla framleiðslu úr vestfirsku hráefni og síðast en ekki síst að auka framboð af vestfirskum mat á veitingahúsum.. Það snýst mest um smáframleiðslu matvæla, eins og bændur sem eru sjálfir að vinna afurðir heima við, eða minni fiskframleiðendur sem framleiða harðfisk eftir gömlum aðferðum eða reykja rauðmaga svo dæmi sé tekið. Þetta snýst nefnilega líka svolítið um að varðveita gamlar vinnslu-aðferðir og hefðir í matargerð,“ útskýrir hún.

Ása segir veg matarferðamennsku fara sívaxandi. „Ferðamenn gera líka meiri og meiri kröfur um að kynnast „local“ þáttum, sama hvort það er maturinn eða fólkið sjálf. Þeir sækjast eftir því að fá mat sem er unninn á svæðinu. Krafan um rekjanleika og ferskleika matarins er alltaf að verða meira og meira áberandi, en það er ekki síður upplifunin sjálf – að borða matinn - sem verður vinsælli og vinsælli. Það er ekkert að ástæðulausu að Tjörúhúsið er jafn brjálaðislega vinsælt og raun ber vitni!“ segir hún brosandi. „Maturinn er góður en upplifunin skiptir svo miklu máli.“

Þá segist hún sömuleiðis sjá mikil sóknarfæri í framleiðslu matarminjagripa. „Það er eitthvað sem við erum að vinna svolítið mikið með núna, að aðstoða fólk sem hefur áhuga á matarminjagripaframleiðslu, sama hvort það eru sultur eða kæfur eða harðfiskur. Þá er verið að hugsa um allan pakkann, metnaður er lagður í umbúðir og fróðleikur um uppruna, vinnslu-aðferð og hefðir fylgir með. Þá kaupir ferðamaðurinn upplifunina og tekur minninguna með sér heim,“ útskýrir Ása.

## Hefur brennandi áhuga á hönnun

Aðkoma Ásu að vöruhönnun, matarhefðum og umbúðahönnun í starfi hennar tengist áhugamálum hennar sterkum böndum. „Vöruhönnun heillar mig til dæmis svakalega mikið og ferðamennska, auðvitað. Þar fyrir utan hef ég líka mjög gaman af gömlu handverki og hefðum og varðveislu þeirra, svo þetta tengist allt saman,“ segir hún brosandi.

„Mitt helsta áhugamál er hönnun af öllu tagi, sama hvort það er vöruhönnun, fatahönnun eða innanhússhönnun. Umhverfisvitund og sjálfbærni eru mér líka mjög ofarlega í huga og ég hef yndi af því að endurnýta hluti – kaupa notaða, gamla, illa farna

hluti og gera þá upp. Ég er svolítið mikið í því þegar ég kem heim til mín, að þússa og mála og bólstra,“ segir Ása, sem málar þó fleira en gömul húsgögn.

„Já, ég mála líka myndir í frístundum og var með fyrstu sýninguna mína á Hótel Núpi í sumar, sem gekk bara mjög vel. Það hefur staðið til að hafa sýningu á Ísafirði en ég þarf að gefa mér meiri tíma, það vantar stundum nokkrar stundir í sólarhringinn,“ segir hún og hlær við.

## Svolítil Pollýanna

Ása hvetur alla brottflutta Vestfirðinga sem dreymir um að flytja heim í heiðardalinn að láta drauminn rætast. Það er ákvörðun sem vert er að skoða. Lífsgæðin sem hljóta af því að búa hérna eru svo ómetanleg,“ segir Ása, sem skilur illa af hverju fólk talar illa um búsetu á svæðinu. „Þegar ég tala við fólk hér sem er neikvætt spyr ég það hreinlega af hverju það búi þá hérna. Ef maður er búinn að taka ákvörðun um vera fyrir vestan verður maður bara að líta á góðu hliðarnar sem fylgja því og vera svolítil Pollýanna,“ segir hún kímín.

Sé Ása beðin að lýsa sjálfri sér segist hún bara vera eins og hún er. Það er ótrúlega góður staður að vera á að átta sig á að maður er bara eins og maður er og vera sáttur með það, ekki alltaf að vera reyna eitthvað annað. Ef hún á að lýsa sér í nokkrum orðum er hún ákveðin, umburðarlynd, jákvæð, heiðarleg og samkvæm sjálfri sér. „Eru það ekki ágætis kostir?“ spyr hún hlæjandi. Ákveðnin lýsir sér í það minnsta ágætlega í því hvernig hún hefur komist yfir flughræðsluna sem hrjáði hana lengi. Því til sönnunar var hún á leið frá Ísafirði til Reykjavíkur og þaðan til Kaupmannahafnar þegar blaðamaður náði af henni tali.

„Ég var svolítið mikið flughrædd. Mjög fljótlega eftir að ég flutti vestur fórú við mæðgurnar suður í helgarferð en áttum svo alveg hörmulega flugferð vestur aftur. Sú ferð er held ég fræg, það vita allir af því hvað hún var slæm. Þetta var algjör skelfing,“ segir Ása og hryllir sig. „Eftir þá flugferð hugsa ég bara að fyrst ég lifði hana af þá geti þetta ekki versnað. Ef ég ætla að búa hér á Ísafirði er bara ekki í boði að vera flughrædd. Þrátt fyrir að það sé dásamlegt að búa hérna þarf ég líka reglulega að komast suður, sækja menningarviðburði og hitta vini og kunningja. Það er manni líka nauðsynlegt,“ segir hún að lokum.





# Fyrsti farfuglinn kominn til Vestfjarða

„Það sáust nokkrar grágæsir í Dýrafirði í byrjun síðustu viku og líklega eru þetta fyrstu farfuglarnir sem komnir eru til Vestfjarða,“ segir Böðvar Þórisson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða. „Þessar gæsir eru óvenju snemma á ferðinni og það er erfitt að segja til um hvað veldur. Kannski voru þær að flýja

snjókomuna í Bretlandi og Danmörku þar sem þær hafa vetursetu.“ Nú fer hver farfuglinn á fætur öðrum að koma til landsins og segir Böðvar að oftast séu það álfir og tjaldar sem sjáist fyrst á Vestfjörðum.

„Eins og margir vita þá búa nokkrir tjaldar við hliðina á Bónus í Skutulsfirði yfir veturinn.

Þetta eru eitthvað um 50 fuglar og við tökum strax eftir því þegar þeim fer að fjölga. Þá eru nokkrar álfir sem hafa vetursetu á Vestfjörðum og í vetur hafa nokkrar álfir verið að þvælast kringum Reykjanes í Ísafjarðardjúpi og það gætu verið fleiri fuglar í Jökulfjörðunum án þess að við vitum af því. Það fer að líða að því að fyrstu tjaldarnir og álfirnar sem eru farfuglar, fari að koma en venjulega gerist það í byrjun

mars,“ segir Böðvar.

Fyrsti farfuglinn sem sást á Íslandi var sílamáfur í Sandgerði þann 17. febrúar. Böðvar segir að venjulega líði nokkrar vikur frá því að fyrstu farfuglarnir sjáist á SA-landi þar til þeir sjást á Vestfjörðum. „Þegar stórir hópar koma til landsins líða þó ekki nema tveir til þrír dagar frá því að þeir sjást fyrst fyrir sunnan og þar til eru komnir hingað vestur,“ segir Böðvar og bætir við að lóan,

hinn eini sanni vorboði, komi venjulega í byrjun apríl.

Böðvar vill hvetja þá sem koma auga á farfugla á næstu vikum að láta Náttúrustofuna vita. „Við höfum verið að kortleggja komur farfuglanna og erum kominn með ágætis grunn frá árinu 2004-2005. Og þó að fyrstu gæsirnar séu komnar í Dýrafjörðinni, er áhugavert að vita hvenær þær koma á aðra staði,“ segir Böðvar.

– kte@bb.is



## Flutningur á hættulegum farmi – ADR-réttindi Gilda m.a. á evrópska efnahagssvæðinu

Vinnueftirlitið fyrirhugar að halda eftirfarandi námskeið á Ísafirði ef næg þátttaka fæst fyrir þá er öðlast vilja réttindi til að flytja hættulegan farm á Íslandi og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu:

Flutningur á stykkjavöru (grunnnámskeið) 17.-19. mars 2011.

Flutningur í/á tönkum: 24.-25. mars 2011.

Flutningur á sprengifimum farmi: 26. mars 2011.

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðunum um flutning í/á tönkum og/eða á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið námskeið um flutning á stykkjavöru (grunnnámskeið) og staðist próf í lok þess.

Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðsgjald í síðasta lagi föstudaginn 11. mars 2011. Skráning og nánari upplýsingar eru veittar hjá umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins á Ísafirði, Árnagötu 2-4, sími 450 3080, netfang: vestfirdir@ver.is.



Starfsmenn Vegagerðarinnar að störfum í göngunum.

## Bæta við vatnsvörnum

Vegagerðin vinnur nú að því að bæta við vatnsvörnum göngunum undir Breiðadals- og Botnsheiðar. „Það hefur komið fram leki á fleiri stöðum en þegar göngin voru klárð á sínum tíma. Göngin er því blaut á ansi stóru svæði, en bleytan eykur slit á

veginum og því viljum við draga úr lekanum eins mikið og hægt er. Þetta er það mesta sem við höfum gert í þessum verkþætti í nokkur ár og við verðum þarna við vinnu langt fram í næsta mánuð,“ segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á

Ísafirði.

„Göngin eru einbreið þar sem vinnan fer fram og þröngt fyrir menn að athafna sig. Ég vil því brýna fyrir öllum mönnum að hægja vel á sér og sýna starfsmönnum um tillitsemi,“ segir Geir.

– kte@bb.is



## Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérparfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

**www.ils.is**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



# Mörg gjaldþrot nýrra eigenda

Hátt í 20 fyrirtæki sem nýir eigendur Eyrarodda á Flateyri hafa stýrt, hafa orðið gjaldþrota, að því er kom fram í fréttum Sjóðvarpsins. Þá hefur annar eigandi inn hlotið dóm fyrir stórfellt brot á fiskveiðilöggjöfinni. Fyrirtækið Lotna ehf. hefur gert samning um kaup á öllum eignum þrotabús Eyrarodda á Flateyri. Eigendur Lotnu eru Sigurður Aðalsteins-son og Kristján Sigurður Kristjánsson.

Sjóðvarpið vitnaði til upplýsinga úr fyrirtækjaskrá þar sem kom fram að 20 fyrirtæki sem

eigendur Lotnu hafa stýrt, hafa orðið gjaldþrota, þar af 17 á síðastliðnum 10 árum. Séu þau fyrirtæki tekin með sem þeir Sigurður og Kristján hafa verið meðstjórnendur í séu dæmin mun fleiri.

Þá sagði Sjóðvarpið að kristján hefði árið 2003 verið dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands í 6 mánaða fangelsi og háa fjársekt fyrir að að halda bátum ítrekað að veiðum án tilskilinnna aflaheimilda. Sigurður sagði við Sjóðvarpið að hann væri ekki lengur annar eigandi Lotnu heldur hefði sonur hans tekið við.

## Gunnar Þórðarson ráðinn til Matís

Gunnar Þórðarson hefur verið ráðinn stöðvarstjóri Marís á Ísafirði. Megináhersla í starfsemi Matís á Vestfjörðum hefur verið þróun vinnsluferla í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu. „Starf mitt ræðst mjög af því hversu viljug vestfirsk fyrirtæki eru að vinna að framförum og þróun. Stór fyrirtæki á borð við Marel hafa yfir að ráða sérstakri vöruþróunardeild, en smærri fyrirtæki í sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu hafa ekki bolmagn til þess. Þar kemur mitt starf inn, þ.e. að vera minni fyrirtækjum innan handar í slíkri þróunavinnu. Innan Matís er gríðarlega mikil þekking til staðar og dýrmætt fyrir fyrirtæki að geta sótt þangað aðstoð við þróun nýrra hugmynda eða til að ná betri árangri í því sem þau eru að gera,“ segir Gunnar.

Aðspurður um hvort einhver



Gunnar Þórðarson.

spennandi verkefni sé á borði hans í dag segir hann svo vera. „Já, það er fullt að skemmtilegum verkefnum. Núna er ég til dæmis að vinna með smábátaútgerðum að nýjum leiðum til að bæta meðferð aflans um borð og auka þannig bæði gæði og verðmæti,“ segir Gunnar. – kte@bb.is

## Gylfi Þór er stjórnarformaður Lotnu ehf.

Knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson, sem er á málum hjá Hoffenheim í Þýskalandi, er stjórnarformaður Lotnu ehf. sem nýverið keypti fiskvinnsluna á Flateyri. Frá þessu er greint í DV en sjálfur hafði Gylfi þvertækið fyrir það í samtali við DV fyrr í mánuðinum að standa í fjárfestingum með föður sínum, Sigurði Aðalsteinssyni, útgerðarmanni og einum aðaleiganda Lotnu. Stjórnarformennska Gylfa Þórs var tilkynnt til Ríkisskattstjóra 18. febrúar síðastliðinn auk þess sem tilkynnt var um tvo nýja meðstjórnendur í félaginu. Í sömu

tilkynningu segir að aðalstarfsemi Lotnu sé fiskveiðar og fiskvinnsla en undir liðnum nýr tilgangur er talað um útgerð fiskiskipa, rekstur fiskvinnslu og fasteigna, lánastarfsemi og skyldur atvinnurekenda.

DV segir Gylfa hafa þénað vel sem atvinnumaður í knattspyrnu þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs gamall enda hafi hann verið keyptur til Hoffenheim frá Reading á 1,3 milljarða króna síðastliðið haust. Samkvæmt nýlegri úttekt Viðskiptablaðsins er hann sagður með 11 milljónir króna í mánaðarlaun. – kte@bb.is

# Reglubundinn sparnaður

**Ein besta leiðin til að spara** er með reglubundnum sparnaði. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**



### Fyrir hverju á ég að spara?

#### Greiða niður skuldir

Ein leið til sparnaðar er að greiða niður skammtáskuldir. Slík niðurgreiðsla getur verið skynsamlegasta skrefið í fjármálum heimilisins.

#### Varasjóður

Góður varasjóður getur komið í veg fyrir að óvænt eða mikil útgjöld; viðgerðir og viðhald, heimilistæki eða sumarfrí fjölskyldunnar, setji fjárhaginn úr skorðum.

#### Langtíma-sparnaður

Með langtímasparnaði byggir þú upp sjóð með það fyrir augum að eiga fyrir breytingum á heimilinu, myndarlegri greiðslu inn á íbúða- eða bílakaup eða safna fyrir framtíð barnanna.

#### Lífeyrissparnaður

Með lífeyrissparnaði getur þú byggt upp langtímasparnað sem veitir þér meiri möguleika á auknum ráðstöfunartekjum og sveigjanlegum starfslokum.

**Byrjaðu að spara strax í dag.** Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000







# Var kipi

Nafn fyrstu bókarinnar, *Rakarinn minn þagði*, er kannski ekki auðskilið öllum sem sjá hana í verslunarhillu. Það má hins vegar rekja til fyrstu skrefa Samma í rakaraiðninni.

„Þegar ég var að byrja að klippa, bara fyrsta daginn eiginlega, lenti karl í stólnum hjá mér. Hann var dálítið svona hrjúfur á skrápinn og talaði íslenskt mál, getur maður sagt – bölvði svolítið hressilega og svona. Ég var náttúrulega feiminn við þessa kalla, ég var ekki nema sextán ára. Þegar hann kemur svo aftur í vinnuna segir hann við félaga sína að hann verði nú aldrei rakari

þessi djöfull hjá honum Villa – hann tali ekkert! Þá þótti það nú bara hluti af djöbbinu,“ segir Sammi og hlær við.

Hann fór hins vegar fljótlega að verða málgladari í starfi, enda var rakarastofan nokkurs konar sagnamiðstöð á árum áður. „Sérstaklega þegar það voru biðraðir, áður en fólk fór að panta tíma sérstaklega. Þá voru margir saman komnir á stofunni og það skapaðist mikil stemning. Í dag, eftir þessar tímapantanir, eru kannski tveir inni á stofunni í einu. Í gamla daga sátu kannski tíu, tuttugu menn að bíða og sumir jafnvel í tvo tíma. Þá gat verið

ansi mikið fjör,“ segir hann frá.

Aðspurður hvort framhald verði á rakarasögunum hikar Sammi. „Ég veit það ekki. Ég á eitthvað af efni, svo það gæti svo sem vel verið að ég þráist við og geri eina í viðbót. Maður er líka alltaf að læra betur hvernig er best að haga þessu, svo þá myndi ég kannski nota myndir, til dæmis. Jú, jú, það getur vel verið að ég reyni þetta,“ segir Sammi.

„Það er spurning hvað hún ætti að heita – Rakarinn minn hlustaði, kannski?“ bætir hann hugs við.

**Fullkomið starf fyrir tónlistarmann**

Samúel Jón Einarsson hefur haft hendur í hári fjölmargra Ísfirðinga, enda starfað sem rakari frá því að hann var feiminn sextán ára lærlingur. Eins og samstarfsfélagi hans til margra ára, Villi Valli, er hann galdramaður á hljóðfæri þrátt fyrir að hafa litla stund lagt á eiginlegt tónlistarnám. Í seinni tíð hefur hann einnig spreytt sig á ritlistinni, eins og bækur hans *Rakarinn minn þagði* og *Rakarinn minn sagði*, sem kom út nú fyrir jólin, bera vitni um. Samúel segir hér frá þrjátíu ára ferli með hljómsveitinni góðkunnu BG, rakarastofum í útrýmingarhættu og ljósunum í Gamla sjúkrahúsinu.

## Fylgst með sjúkrahúsinu

Samúel, sem iðulega er kallaður Sammi og oftast ekki Sammi rakari, er fæddur á Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði í janúar 1948. Æsku sinni varði hann svo spölkorn frá sjálfum fæðingarstaðnum, því fjölskylda hans var til húsa að Túngötu fimm.

„Við sáum alltaf hvort það var ljós á skurðstofunni, eða ljós í líkhúsinu. Maður man eftir því – maður heyrði stundum á morgnana, „Jæja, það var nú ljós á skurðstofunni í nótt...“ Það var fylgst með þessu,“ segir Sammi frá og kímir.

Hann er yngstur fimm systkina, barna hjónanna Einars Gunnlaugssonar og Elísabetar Samúelsdóttur. Systkini hans búa öll á Ísafirði í dag og flest barna þeirra sömuleiðis. „Við erum svo miklir heimalningar,“ segir Sammi brosandí, þar sem hann tekur á móti blaðamanni á heimili sínu í Brautarholti. Þar er meðal þess fyrsta sem blasir við gestum forlata rakarastóll klæddur vínröðu leðri. „Ég keypti hann og allt innvolsið út úr rakarastofu sem ég var að vinna á, þegar rekstrinum var hætt,“ útskýrir Sammi. „Í dag er hann nú bara símastóll, en þetta er fallegur gripur.“

Sammi er giftur Guðríði Sigurðardóttur íþróttakennara og saman eiga þau tvö börn. Sonur þeirra, Sigurður Rúnar, hefur erfð tónlistarbakteriuna því hann er bassaleikari eins og faðir hans. Hann er búsettur í Reykjavík, en dóttir þeirra hjóna, Elísabet, býr hins vegar á Ísafirði, þar sem hún starfar sem viðskiptafræðingur í Landsbankanum.

## Hvattur áfram í söguöfnun

Á síðustu árum hefur Sammi sent frá sér tvær bækur, eins og áður hefur komið fram, með sögum af rakarastofunni þar sem hann hefur alið manninn í rúma fjóra áratugi. Þar bregður fyrir þekktum persónum úr bæjarlífi bæði fyrri og seinni tíma.

„Ég var náttúrulega búinn að hlusta á sögur alla tíð. Villi var duglegur að segja þær – búinn að segja þær þúsund sinnum sumar,“ segir Sammi glettnislega um aðdraganda útgáfunnar. „Það var oft lítið að gera og ég var kominn með tölvuna þarna niður á stofuna, svo ég ákvað að prófa að punkta þetta niður. Ég fékk líka hvatningu frá vini mínum Tryggva Adda sem býr fyrir sunnan og eftir nokkra umhugsun ákvað ég að reyna þetta,“ segir Sammi.

Sammi, sem hafði ekkert dundað við skrif áður, kveðst þó hafa þurft að hafa ýmislegt í huga við skrásetningu sagnanna sem höfðu verið sagðar svo oft.

„Það er töluvert öðruvísi að hafa þetta á prenti en að segja og hlusta á sögurnar. Það myndast ákveðin stemning þegar verið er að segja sögur, og allir bíða spenntir eftir endahnykknum. Þegar ég fór að setja sögurnar niður á blað rak ég mig á að það er alls ekki auðvelt, svo vel fari. Sagan verður til dæmis að vera svolítið lógísk – það varð að vera einhver lógík á bak við hana, jafnvel þó hún sé ekki alveg dagsönn. Svo þarf maður að passa sig að nota ekki of mörg orð og segja ekki alveg allt, heldur leyfa mönnum að geta aðeins í eyðurnar. Þegar svona sögur með endahnykk eru lesnar þarf að standast þá freistingu að byrja á endinum, byrja á rúsinunni, spennan verður að fá að myndast“ útskýrir Sammi.

## „Við erum ekki eilífir“

Rakarasögurnar eru nátengdar Ísafirði og bæjarlífinu þar. „Þetta er, eins og gengur, svolítið mikið lókal og þess vegna eru kannski færri sem þekkja til,“ segir Sammi. „Það er hins vegar líka mikið til af brottfluttum Ísfirðingum sem hafa gaman af þessu. Þarna eru til dæmis sögur af köllum sem eru löngu horfnir, sem við munum frá því fyrir 1960,“ segir hann.

Hann kveðst einnig hafa haft það í huga að sögurnar yrðu varðveittar. „Mig langaði til þess að þetta myndi ekki deyja út. Við Villi erum náttúrulega ekki eilífir! Og rakarastofa svona upp á gamla mátann er eiginlega að deyja út, allavega hérna. Þetta er orðið svo blandað, konur og karlar fara í klippingu á sama stað, en svona ekta karlastofur hugsa ég að heyri kannski bara sögunni til eftir fimmtán, tuttugu ár,“ segir Sammi.

„Ég vildi þess vegna koma þessu á blað. Og auðvitað kannski hafa eitthvað smá fyrir minn snúð, eins og gengur, og nýta þennan dauða tíma í vinnunni í eitthvað annað en að sitja og bíða eða leggja kapal. Sem ég geri nú reyndar á hverjum degi í kaffinu uppi hjá Villa,“ segir hann kíminn.

**Þögull rakari**





# pt inn í tónlistina

Það var hins vegar hálfgerð tilviljun sem réði því að það var einmitt rakarastarfið sem Sammi lagði fyrir sig. „Mér leiddist eiginlega í skólanum,“ segir hann. „Þegar ég var sextán ára var ég sennilega búinn að ákveða að fara ekkert lengra í bóknaði heldur fara í eitthvað iðnnám. Villi var þá einn á stofunni og hafði svo mikið að gera að hann langaði til að fá sér lærling. Hann kom að máli við mig úti á götu og spurði hvort ég vildi læra hjá honum. Og það varð úr.“

Uppástunga Villa Valla var hins vegar ljómandi góð lausn, eins og Sammi segir sjálfur.

„Þegar maður fer að spá í þetta er það kannski frekar alengt að rakarar séu líka tónlistarmenn,“ segir hann hugsandi, en þeir félagar eru í það minnsta ágætis dæmi um slíkt.

„Þetta passar eitthvað svo vel við tónlistina. Ekki gat maður til dæmis orðið sjómaður ef maður ætlaði að byrja að spila í hljómsveit. Rakarastarfið er náttúrulega þægileg innvinna – og lítil hætta á að puttarnir fari,“ segir hann og kímir. „Maður getur líka verið svolítið sjálfstæður. Þegar ég var kominn á fullt í hljómsveitarbransann var ég meira og minna í tónlistinni kannski tvö,

þrjú kvöld í viku – á ferðalögum og svona. Það hefði verið erfitt að vera í vinnu hjá einhverjum öðrum, hugsá ég. Villi skildi þetta auðvitað allt,“ bætir hann við.

Frá því að feimni lærlingurinn steig inn fyrir dyrnar hjá Villa Valla hefur hann vart farið þaðan út aftur. „Við höfum eiginlega verið saman síðan, í fjörutú og sjö ár. Í átta ár fór ég reyndar á aðra stofu, hjá Árna Matthías-syni, en hann veiktist og lést árið 1970 rétt fimmtugur að aldri. Árið 1979 var svo húsnæðið selt og Villi bauð mér þá að leigja stól hjá sér og ég hef verið þar síðan,“ útskýrir Sammi.

## Kippt í hljómsveit

Tónlistarferill Samma, sem hefur komið víða við og spreytt sig á ýmsum hljóðfærum, hófst á svipuðum tíma og starfsferill hans sem rakari.

„Maður var alltaf að spila í skólahljómsveitum, eins og gengur. Þegar ég var 16 ára byrja ég að læra hjá Villa. Bassaleikarinn hjá honum, í V.V. og Barða, Magnús Reynir Guðmundsson, sem þá var tvítugur, gerðist hótélstjóri á Hótel Valhöll á Þingvöllum og flutti burt. Mér var þá kippt inn í þetta með litlum fyrirvara. Ég hafði reyndar aldrei

spilað á bassa, en spilað á píanó alveg frá því að ég var krakki. Ég kunni alla hljóma, vissi hvar c og f og það allt var. Það er líka tiltölulega auðvelt að byrja á bassa, bara fjórir strengir og einn plokkaður í einu. Ég gat alveg bjargað mér. Svo ég byrjaði þarna um haustið 1964,“ segir Sammi frá.

Skömmu síðar dró Villi sig í hlé frá sveitinni sökum mikilla anna á stofunni. „Þá stofnum við hljómsveit, þessir sömu menn, og kölluðum okkur Blossar og Barði. Við létum taka myndir af okkur á brunablunum og svona, eins og Brunaliðið gerði svo



seinna,“ segir Sammi og brosir við. Sú hljómsveit átti ekki langa lífdaga og leystist fljótlega upp. Haustið 1965 gekk Sammi hins vegar til liðs við BG, sem hann átti eftir að leika með um langt skeið.

## Tók sér frí fyrir bílskúrssveitir

„BG hafði þá verið starfandi í svolíttinn tíma, alveg frá 1958 sennilega. Ég var í BG eiginlega samfelmt í 30 ár, fyrir utan nokkur ár sem ég þurfti að fara í svona bílskúrshljómsveitir, eins og allir ungir menn,“ segir hann og kímir.

Á meðal þeirra sveita voru hljómsveitin Sexmenn. „Við klæddum okkur upp í rúllukragapeysur, með númerum aftan á, svona eins og fótboltamenn. Svo var það Leones og síðast Öx sem var mjög framúrsteftuleg hljómsveit. Eftir þennan útdrúð gekk hann aftur til liðs við BG árið 1970. „Þá hét sveitin orðið BG og Ingibjörg, sem varð eiginlega frægasta útgáfan af því bandi. Fyrst hét hún BG og Gunnar, svo BG og Árni, þá B.G og Ingibjörg og svo BG-flokkurinn. Síðasta afsprengi BG var svo dúettinn Baldur og Margrét,“ útskýrir hann.

„Eftir að ég hætti í B.G. var ég um tíma í hljómsveitinni Sægreifunum. Hún varð til eftir að kvótakerfið var tekið upp, nafnið var eitthvað skot á það umdeilda kerfi“ rifjar Sammi upp.

## Rúllurnar mæli-kvarði á stemningu

Á áttunda áratugnum gerði hljómsveitin víðreist um landið og naut töluverðra vinsælda.

„Á sumrin vorum við sex saman. Rúnar, Ingibjörg og Óli heitinn sem var söngvari og gítarleikari voru öll í skóla fyrir sunnan á veturna. Þá minnkuðum við bara grúppuna og spiludum herna þrír, fjórir saman á Þorablótum og svona. Um miðjan maí komu þau vestur og þá var tekin mánadartörn í að æfa nýjustu lögin. Svo voru þetta alveg þrjú kvöld í viku sem við spiludum, bæði hér á svæðinu og um allt land. Við fórum að vísu ekki mikið norður og austur, en mikið á Vesturlandi og alla leið austur á Hvol. Þetta voru alveg dýrleg ár,“ rifjar Sammi upp.

Félagi hans í hljómsveitinni kom sér á þeim tíma upp mælikvarða á stemninguna í þorpunum fyrir böllin. „Það var Gunnar Hólm blessaður, sem er nýlátinn, blessuð sé minning hans. Hann var trommari hjá okkur. Hann var með kenningu um hárrúllur, eins og konur settu í sig þá þegar eitthvað stóð til. Ef við sáum eina konu með rúllur í hárinu þegar við komum inn í bæinn, þá kæmu hundrað manns á ballið. Ef við sáum tvær voru það tvö hundruð,“ segir Sammi og hlær.

„Þetta var helvíti gott. Það er nú erfiðara að spá fyrir um þetta núna út frá rúllum – nú er það bara Facebook. Þar sér fólk hvar straumurinn verður, hvernig fólk er búið að tala sig saman,“ bætir hann við.

## Gömlu kallarnir hlaupa í skarðið

Sammi er nú aftur kominn í hljómsveit eftir um tíu ára hlé frá spilerfi. „Ég er núna að spila með hljómsveitinni Express, með Benna Sig og fleiri góðum mönnum. Það vantaði bassaleikara – allir ungu mennirnir fara suður til að læra meira, svo þá þarf að kippa gömlu köllunum inn aftur!“ segir hann og kímir.

Aðspurður segist Sammi ekki finn fyrir miklum mun á ballstemningunni nú eða þegar BG og Ingibjörg var og hét. „Það er eiginlega enginn munur. Það eina er að núna er ég kannski svolítið langt frá þessu fólki í aldri,“ segir hann og glottir.

„Ég var að spila úti í Hnífsdal núna um daginn, fyrir alveg fullu húsi. Það var fullt eins og í gamla daga – haus við haus alveg fram í dyr. Og það eru meira að segja sömu lögin sem við spilum. Það er alveg ótrúlegt hvað sum lög lifa kynslóð eftir kynslóð og gera sig alltaf vel. Lögin hans Bjögga Halldórs til dæmis, Vertu ekki að plata mig og Rabarbararúna, lögin með CCR, að ógleymdum Bítlalögnum. Sum lög eru bara hreinræktuð balllög,“ segir Sammi.

„Það eru ákveðin lögmal í þessu sem gilda enn í dag. Fólk þarf alltaf svipaðan takt til að koma sér í stuð og fara að dansa, gamla rokkið stendur alltaf fyrir sínu til dæmis. Það er sami grunn- tónn í þessu,“ bætir hann við.

## Hleraði æfinga-hljómsveitir

Ein helsta breytingin sem hann finnur fyrir er þó hvað skemmtanalífina hefur seinkað. „Núna er fólk kannski að koma um hálf tvö, tvö. Hérna áður fyrr beið það hreinlega í biðröð við dynar. Það erfiðasta í dag er að bíða allt kvöldið eftir því að fara að spila og bíða svo í tvo tíma í viðbót eftir því að fólkið komi. Það er alveg ömurlegt,“ segir hann og hristir höfuðið broandi.

Önnur breyting hefur sömuleiðis áhrif á ballamenninguna, nefnilega framboð á tónlist. „Í gamla daga þyrsti fólk svo í að heyra nýjustu lögin. Þá voru svo fáir sem áttu bíla, þeir gátu ekkert verið í bílnum að hlusta á tónlist þar. Lög unga fólksins voru líka bara einu sinni í viku. Þegar ég var að byrja man ég að ég hlustaði á Lög unga fólksins á fimmtudögum, og svo hékk ég fyrir utan dansstaðina og hlustaði á hljómsveitirnar æfa – til að fá að heyra

þessi nýjustu lög,“ segir hann frá. „Í dag er fólk með þetta í eyrunum alla daga, í bílnum og vinnunni, heima og í líkamsræktarstöðinni. Ég held að það sé kannski ein stærsta breytingin,“ segir Sammi, sem telur þó að fjörið hafi ekkert minnkað.

„Benni er náttúrulega alveg frábær söngvari og stuðbolti og það er mikið fjör á þessum böllum hjá okkur. Fólki virðist líka þetta mjög vel. Sumar hljómsveitir falla í þá gryfju að ætla að spila það sem þeim finnst sjálfum skemmtilegt, en þú ert alltaf að þjóna gestunum. Það er líka langskemmtilegast þegar maður sér að fólkið skemmtir sér, það er aðalkikkið, svo maður sletti nú. Þá skiptir það mann í rauninni engu máli hvaða tónlist maður vill spila,“ segir Sammi.

## Í lúðrasveit og kór

Auk rakarastarfsins, annarrar íhlaupavinnu, ritstarfa og hljómsveitastands nær Sammi að sinna öðrum áhugamálum. Hann varð folfallinn golfspilari eftir að hann hætti hljómsveitatúrum á sumrin, þó heldur hafi dregið úr golfiðkun á seinni árum. „Nú spila ég eiginlega bara í miðri viku en er svo í sumarbústaðnum okkar í Mjóafirði á helgum. Það finnst mér mjög gott,“ segir hann.

Þar að auki er hann bæði í lúðrasveit og kór. „Ég hef verið í lúðrasveit lengi og spila þar á althorn. Ég byrjaði hins vegar í kór bara á gamals aldri. Nú er ég í kirkjukórnum, en ég var líka í Sunnukórnum. Ég hætti hins vegar þar af því að æfingarnar sköruðust við lúðrasveitaræfingar. Mér finnst hins vegar verulega gaman að syngja,“ segir Sammi. Aðspurður hvort hann hafi þá aldrei gripið í míkrofón á böllum hristir hann höfuðið. „Nei, nei, það þurfti aldrei. Það voru svo margir sem sungu að ég slapp alltaf við það,“ segir hann broandi og tekur dræmt í það þegar blaðamaður spyr hvort hann eigi það ekki bara eftir. „Ja. Jú, jú, kannski. Enginn veit sína ævina fyrr en öll er, eins og þar stendur,“ segir hann.

## Hljóðfæradaðrari

Þrátt fyrir að geta spilað á píanó, bassa og althorn hefur Sammi aldrei lagt stund á eiginlegt tónlistarnám. „Ég gat snemma spilað á píanó eftir eyranu og svo nennti ég ekkert að læra nóturnar. Ég byrjaði að læra en gafst upp á því,“ segir hann og brosir. „En auðvitað ætti maður að halda áfram. Fólk fæðist með ákveðna hæfileika, fær eitthvað í vöggugjöf, en það verður sjálft að bæta við þá og rækta þá,“ segir hann. „Ég lærði reyndar aðeins á althornið, og svo prófaði ég saxófón einu sinni. Það voru allt of margir takkar á honum. Og svo lærði ég aðeins á selló, ég var búinn að



gleyma því. Það var hjá honum séra Gunnari á meðan hann var hér fyrir vestan,“ rifjar hann upp. „Villi kallaði þetta nú einu sinni að vera svona daðrari, að daðra við hin og þessi hljóðfæri en festa aldrei ráð sitt. Það er ekkert verra en hitt, held ég,“ segir Sammi.

Það gefur auga leið að eftir áratuga starf í tónlistarbransanum hlýtur hann sömuleiðis að luma á mörgum sögum af slíkum ævintýrum. Þegar blaðamaður forvitnast um hvort ekki sé von á ritröðinni *Bassaleikarinn minn sagði* brosir hann við.

„Ég hef nú aðeins verið að punkta hjá mér hvernig þetta gekk fyrir sig, þetta hljómsveitarlíf. Við sjáum til,“ segir hann að lokum.

BB birtir hér eina rakarasögu úr bókinni *Rakarinn minn þagði* með góðfúslegu leyfi Samma.

## Ólafur Ragnar Grímsson

Ólafur er sonur Gríms Kristgeirssonar rakara. Grímur var með rakarastofu í húsi við Aðalstræti sem stóð á milli áfengisverslunarinnar núverandi og gamla pósthússins. Hús þetta er nú horfið af sjónarsviðinu. Þá var hann

bæjarfulltrúi á miklum uppgangstímum hér á Ísafirði.

Það ku oft hafa verið fjör á rakaratofunni þar sem bæjarmálin voru reifuð og sagt er að kallinn hafi oft gleymt sér í hita leiksons og gengið ansi nálægt höfuðleðri kunnanna. Fjölskyldan bjó að Túngötu 3 sem gengur enn undir nafninu Grímsby.

Ólafur Ragnar, sonur þeirra og núverandi forseti Íslands, hefur snemma haft mikla útrásarþörf því að sem lítill drengur var hann oft bundinn í garðinum þar sem hann lék sér.

Eins og alþjóð veit elduðu þeir Ólafur og Davíð Oddsson grátt silfur saman og tókust hressilega á í pólitíkinni. Eftir að Ólafur var orðinn forseti og Davíð forsætisráðherra, kom Davíð í heim-sókn til Ísafjarðar. Var honum ekið í skoðunarferð um bæinn eins og siður er. Var ekið fram hjá æskuheimili forsetans og forsætisráðherra m.a. sagt frá því að Ólafur hafi verið bundinn í garðinum þegar hann var lítill drengur svo hann færi sér ekki að voða.

„Hver leyst’ann?“ spurði Davíð með þjósti.

– *Sunna Dís Másdóttir.*



# Metfjöldi skemmtiferðaskipa

Tilkynnt hefur verið um komur 35 skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í sumar, sem er met. Skipin eru af öllum stærðum, allt frá um 2.500 tonnum upp í 114.000 tonn. Með minnsta skipinu komast 100 farþegar en um 3.000 með því stærsta. Alls er pláss fyrir 24.433 farþega með skipunum. Sumarið lofar því góðu fyrir þá aðila sem koma á einn eða annan hátt að komum skipanna. Ísafjarðarhöfn er þriðja stærsta höfn landsins er kemur að mótöku skemmtiferðaskipa. Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur fjölgað ár frá ári og setja farþegar skipanna setja oft mikinn svip á bæjarlífið, sérstaklega þegar um stærri skip er að ræða.

Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í fyrra voru 30 í fyrra sem einnig var met, en skipakomur höfðu þá flestar verið 27. Ríflega 21 þúsund farþegar voru um borð í skipunum. Tvö skip koma í maí, MV Athena sem væntanlegt er 17. maí og MSC Poesia sem væntanlegt er 29. maí. Fyrra skipið er 16.144 brúttó-tonn og það síðarnefnd 93.300 brt. Þrjú skip eru væntanleg í júní. Stærsta skip sumarsins, Costa Pacifica, kemur 14. júní (114.000 brt.) og með því um 3000 farþegar. Delphin Voyager (23.300 brt.) kemur 23. júní og Costa Marina (25.558 brt.) kemur 30. júní.

Sextán skemmtiferðaskip eru væntanleg í júlí. Marco Polo (22.080 brt.) kemur 1. júlí, Saga Pearl (18.591 brt.) kemur 5. júlí, LE Boreal (10.700 brt.) kemur 8. júlí, MV Marina (66.000 brt.) kemur einnig 8. júlí og Silver Cloud (16.927 brt.) kemur 12. júlí. Daginn eftir, 13. júlí, kemur Kristina Katarina (12.688 brt.) og 14. júlí er von á þremur skip-



**Stærsta skemmtiferðaskiptið sem sækir Ísafjörð heim í sumar er Costa Pacifica.**

um, LE Boreal, Spirit of Adventure (9.570 brt.) og Delphin (16.248 brt.). Þann 21. júlí kemur LE Boreal í sinni þriðju ferð, 24. júlí kemur C. Columbus (15.000 brt.), 26. júlí kemur Princess Danae (16.531 brt.), 28. júlí kemur LE Boreal aftur sem og Clipper Odyssey (5.218 brt.). Daginn eftir, 29. júlí kemur síðan Minerva (12.500 brt.) og 30. júlí er MV Athena (16.144 brt.).

Nú skemmtiferðaskip eru væntanleg í ágúst. MV Kristina Katarina kemur aftur 5. ágúst, Albatros (28.078 brt.) kemur 6. ágúst, Clipper Odyssey kemur aftur 7. ágúst og sama dag er Boudicca (28.388 brt.) einnig væntanlegt. MV Athena kemur síðan aftur 12. ágúst, daginn eftir er von á Saga Ruby (24.492 brt.) og 18. ágúst er von á Ocean Princess (30.277 brt.). Black Watch (28.388 brt.) er væntanlegt 21. ágúst og Amadea (28.717 brt.)

er væntanlegt 23. ágúst. Fjögur skip eru síðan væntanleg í september. MV Funchal (9.563 brt.)

er væntanlegt 2. september, Black Watch kemur á ný 5. september, RV. Knorr (2.518 brt.) kemur

21. september og Boudicca kemur aftur 22. september.

– thelma@bb.is

## Heitt á þrjónunum framleiðir sápur

Hannyrðaverslunin og kaffihúsið Heitt á þrjónunum á Ísafirði hefur hafið eigin framleiðslu á sápum og húfum. Um er að ræða handgerðar sápur úr náttúrulegum hráefnum sem innihalda engin gerviefni. Gerður Eðvarðsdóttir, eigandi Heitt á þrjónunum, segir sápunar hafa komið í sölu í síðustu viku en þær eru mánuð í framleiðslu. Fjórar tegundir eru tilbúnar og Gerður segir þær koma í skemmtilegum pakkningum og séu tilvaldar til tækifærisgjafa. Þá hefur hún einnig verið

að hekla litríkar og líflegar húfur sem hún kallar Gleðihúfur.

„Húfurnar hafa vakið mikla athygli og eru krakkarnir/unglingarnir mjög hrifnir af húfunum. Nú eru nokkrar húfur til á lager og eru til sölu fyrir áhugasama, einnig er hægt að hekla eftir pöntun ef svo vill til“, segir Gerður. Aðspurð hvort fleiri hlutir séu á leið í framleiðslu segir Gerður það enn vera óljóst. „Ég ætla að sjá til hvernig þetta gengur en það er aldrei að vita hvað manni dettur í hug.“ – thelma@bb.is

[www.stay.is](http://www.stay.is)

## STAY APARTMENTS

### ERT ÞÚ Á LEIÐinni TIL REYKJAVÍKUR

| Studio íbúðir:  |            | Stærri íbúðir:  |            |
|-----------------|------------|-----------------|------------|
| Helgi (3 nætur) | 19.900 kr. | Helgi (3 nætur) | 25.000 kr. |
| Vika            | 29.900 kr. | Vika            | 37.000 kr. |

Tilboð gildir til 30 apríl 2011.

Stay Apartments býður uppá 32 studio íbúðir og 15 2ja-4ra herbergja íbúðir á þremur stöðum miðsvæðis í Reykjavík, Bolholti, Einholti og Grettisgötu. Allt nýtekið í gegn. Í öllum íbúðum er: Eldhús og bað / þrúðlaust net. Eingöngu reyklaugar íbúðir. Aðgangur að þvottavél og þurrkara. Næg bílastæði.

| BOLHOLT APARTMENTS       | EINHOLT APARTMENTS       | GRETTISGATA APARTMENTS        |
|--------------------------|--------------------------|-------------------------------|
| Bolholt 6, 105 Reykjavík | Einholt 2, 105 Reykjavík | Grettisgata 43, 101 Reykjavík |

## STAY APARTMENTS

SÍMI. 517 4050 / [stay@stay.is](mailto:stay@stay.is) / [www.stay.is](http://www.stay.is)



## Ellefu missa vinnuna

Störfum á ellefu heilbrigðisstofnunum fækkar um 107 vegna niðurskurðar á fjárlögum 2011 og þar af eru 92 þeirra sem missa vinnuna konur. Þetta kemur fram í svari Guðbjarts Hannessonar velferðaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum vegna niðurskurðar á fjárlögum 2011.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HV) missa ellefu vinnuna, þar af sjö konur, en stöðugildum fækkar um 6,3. Í svarinu má einnig sjá að mest fækkar stöðugildunum HV hjá starfsmönnum í umönnun (4,8 stöðugildi), en engin fækkun er í stöðugildum lækna, hjúkrunarfræðinga eða sjúkraliða. Nær öll fækkun starfmanna HV er á Flat-eyri.

Þegar fækkunin er skoðuð sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna heilbrigðisstofnana er niðurskurðurinn mestur hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar. Þar fækkar um tíu stöðugildi sem er 17,6% af heildarfjölda stöðugilda við stofnunina. Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfa 159 manns og eru 119 stöðugildi í dagvinnu.



Eyrin viðskiptasetur býður fyrirtækjum og einstaklingum aðstöðu í Vestrahúsinu.

## Lítill eftirspurn skapar óvissu

Lítill eftirspurn eftir aðstöðu hjá Eyrinni, viðskiptasetri á Ísafirði, hefur skapað óvissu um framtíð starfseminnar. „Undanfarið hefur Kerecis verið eini aðilinn sem hefur nýtt sér aðstöðuna, en það er ekki nóg,“ segir Arna Lára Jónsdóttir, verkefnastjóri Impru á Ísafirði. Eyrin hefur veitt einstaklingum og fyrirtækjum aðstöðu í Vestrahúsinu og umgjörð til að vinna að við-

skiptahugmyndum á öllum sviðum. „Við leigjum skrifborð gegn vægu gjaldi, en því fylgir skrifstofuaðstaða og aðgangur að fundarherbergjum. Auk þess eru við og starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða tilbúin til að veita fólki aðstöðu í verkefnum sínum,“ segir Arna Lára.

„Eyrin er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Atvinnuþróunarfélagsins og

Vinnumarkaðsráðs Vestfjarða og hefur verið styrkt af Vaxtarsamningi Vestfjarða og Pennanum. Í ljósi lítillar eftirspurnar verða þessir aðilar að koma saman og ræða framtíðina. Það er dýrt að halda þessari aðstöðu úti og ef enginn notar hana er ekkert vit í að reka hana áfram,“ segir Arna Lára en tekur fram að ekki hafi verið boðað til fundar um málið. „Skortur á húsnæði hefur ekki

verið vandamál hér á Vestfjörðum og þeir frumkvöðlar sem leggja af stað með ný fyrirtæki hafa getið valið um ódýrt húsnæði,“ segir Arna Lára spurð um ástæðuna fyrir lítilli þátttöku. „En það yrði mikil synd ef Eyrin verður lögð niður þannig nú er bara að vona að frumkvöðlar sem eru heima, komi og nýti sér þessa frábæru aðstöðu.“

– kte@bb.is

# Sextán mánuðir frá skipun ráðgjafarhóps um raforkuöryggi á Vestfjörðum

Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi innti Katrínu Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra eftir

því á Alþingi, hvenær tillögur ráðgjafarhóps sem skipaður var haustið 2009 um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum,

yrðu lagðar fram. Ráðgjafahópurinn var skipaður til að fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuör-

yggi á Vestfjörðum. Hópnum var jafnframt falið að leggja mat á það til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta samkeppnisstöðu Vestfjarða með tilliti til möguleika svæðið til atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði, að því er fram kom í tilkynningu iðnaðarráðuneytisins á sínum tíma. „Áður en hópurinn var skipaður, eða 6. október 2009 hafði ég forgöngu um þingsályktunartillögu sem við stóðum að sex þingmenn Norðvesturkjördæmis,“ segir Einar.

Tillagan var svohljóðandi: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Sérstaklega verði hugað að möguleikum á aukinni raforkuvinnslu á Vestfjörðum, svo sem með byggingu Hvalárvirkjunar og stækkun Mjólkárviðvirkjunar, auk annarra virkjunarkosta.

Starfshópur iðnaðarráðherra

hafði þrengra hlutverk og var til dæmis ekki ætlað að setja fram tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggið. Einar segir stofnun hans engu að síður hafa verið ágæt viðleitni til að hreyfa við málinu. Hópnum var gert skila ráðherra greinargerð fyrir lok ársins 2009. „Nú eru liðnir 16 mánuðir frá skipun hópsins. Í svari við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar sem barst 15. júní í fyrra var greint frá því að áfangaskýrslu yrði skilað síðar í þeim mánuði og kynningarfundur haldinn í ágúst í fyrra um málið á Vestfjörðum,“ segir Einar.

„Það er tímabært að tillögurnar fari að líta dagsins ljós þó vitaskuld væri best að þingsályktunartillaga okkar sexmenninganna yrði samþykkt, þar sem kveðið væri á um tímasetta áætlun um bætt afhendingaröryggi á Vestfjörðum.“

– thelma@bb.is

### Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði



Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja **þriðjudaginn 8. mars**

Mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum

Heyrnartækni hefur um árabil verið með þjónustu fyrir heyrnarskerta á landsbyggðinni. Í dag veitum við reglulega þjónustu á 19 stöðum víðsvegar um landið.

Nánari upplýsingar og tímabantar  
í síma 568 6880 eða á [www.heyrnartækni.is](http://www.heyrnartækni.is)

**Heyrnartækni**  
Glæsibæ | Álfrheimum 74 | 104 Reykjavík | [www.heyrnartækni.is](http://www.heyrnartækni.is)





Frá fundinum sem haldinn var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.



## Reiknað með 200 króna startgjaldi

Bæjarráð Bolungarvíkur tekur vel í erindi Leiðar ehf. um tilraunaverkefni sem felst í nýjum samgöngu- og/eða ferðamáta með samnýtingu ökutækja. Er hugmyndin að byrja með ferðamátann á einum til tveimur stöðum og eru Bolungarvík og Súðavík taldir heppilegir staði.

Samkvæmt erindinu fer samnýtingu ökutækjanna fram með þeim hætti að farþegi taka þátt í kostnaði ökumanns samkvæmt fyrirfram ákveðinni gjaldskrá þar sem startgjald væri 200 krónur en til viðbótar kæmi 10 króna gjald á hvern km fyrstu 100 km og 5 króna gjald á hvern km eftir að 100 km er náð.

Íbréfinu er óskað eftir leyfi til uppsetningar skilta og aðkomu sveitarfélagsins að kostnaði við uppsetningu þeirra. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að ræða við fulltrúa Leiðar.

# Ætla komast til botns í málinu

„Fólk vill fá svör en þetta tekur allt tíma og við viljum komast til botns í málunum,“ segir Kristinn Már Ársælsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar um fjölmennan íbúafund á Ísafirði þar sem farið var yfir málefni sorpbrennslunnar Funa. Aðspurður hvort eitthvað hafi staðið upp í fundarhaldinu segir Kristinn að

það hafi helst verið hve mikilvægt er að halda slíka fundi

„Bæði svo hægt sé að miðla upplýsingunum beint til heimamanna og fá viðbrögð þeirra. Þetta er flókið mál og erfitt fyrir fólk að fá allar upplýsingar í gegnum fjölmiðla.“ Á fundinum kom m.a. fram að Matvælastofnun hefur sett á stofn sérfræðinga-

hóp sem á að svara spurningum sem snúa að búfjármálunum. Halldór Briem landlæknir fór yfir rannsóknir á heilsufari fólks og Umhverfisstofnun kynnti sýnatöku í jarðvegi.

„Málið er að mælingar og greiningar á díoxíni taka langan tíma, fyrir utan ýmsar hindranir sem geta tafið sýnatökuna, eins

og t.d. frost í jörðu, þá tekur það um mánuð að senda sýnið út til greiningar og fá niðurstöðu,“ segir Kristinn. Hann segir mjög mikilvægt að mælingarnar fari fram. „Það er mikið mælt í Skutulsfirði en við erum líka að mæla út um allt land þar sem við teljum þörf á því. Við viljum fá heildarmyndina.“ – *thelma@bb.is*

## LÆGRA VERÐ Í ÖLLUM HELSTU VÖRUFLOKKUM

**Hábrýstidæla Nilfisk.**  
125 bör,  
520 ltr./klst.  
8 m slanga,  
túrbóbyssa.  
Sápubrúsi,  
pallabursti.  
5254248



**tilboð**  
**34.995,-**  
~~39.995,-~~

**Hleðsluborvél Power Plus.**  
14.4V, flýtipatróna.  
5245309



**2 rafhlöður**  
**3.995,-**

**LÆGSTA LAGA VERÐ**  
HÚSASMIÐJAN

**Electrolux 5 ára ábyrgð**  
**tekur 6 kg**  
**1200 snúninga**  
**78.900,-**

**Þvottavél**  
EWF 126410W  
1200 sn, 6kg,  
85x60x60 cm.  
1805477

**2 pakkar**  
fylgja öllum  
þvottavélum

**LÆGSTA LAGA VERÐ**  
HÚSASMIÐJAN

**Regnjakki**  
Léttur og þjáll  
úr Polyurethan.  
5868506-511



**5.990,-**

**4.990,-**

**LÆGSTA LAGA VERÐ**  
HÚSASMIÐJAN



**SPARADU**  
**150.000**

**HENTAR VEL FYRIR EINSTAKLINGA OG FERÐAÞJÓNUSTUADILA**

**TILBOÐ**

**1.400.000,-**  
~~1.550.000,-~~

**Gestahús 20 m²**  
Breidd = 425 cm  
Lengd = 464 cm  
+ verönd (8.3 m²)  
Veggthæð = 240 cm (brúttó)  
Bjálkabyggt = 70 mm  
600227

**Innimálning**  
10 ltr. hvítt,  
gljástig 10  
7119961



**4.995,-**

**LÆGSTA LAGA VERÐ**  
HÚSASMIÐJAN

### AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

\*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

GILDIR TIL 14. MARS

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Látum verkin tala!**



**HÚSASMIÐJAN**





Hermann Óskar Hermannsson flytur lagið Situation ásamt aðstoðarfólki. Myndir: Benedikt Hermannsson.

## smáar

Ung móðir með 2ja ára barn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu á Ísafirði. Reglusöm og reyklus. Uppl. í s. 866 9566.

Óska eftir að kauða notaða eldavél (40x30). Vinsamlega hringið í síma 845 5518.

# Hermann Óskar sigraði

Hermann Óskar Hermannsson sigraði í undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna sem fór fram á laugardag. Hann söng lagið Situation eftir ísfirsku tónlistarmanninn BiggaBix. „Þetta var frábærlega gaman og flott keppni. Umgjörðin var svo glæsileg, keppnin vel sett upp og fullt af flottum, efnilegum söngvurum,“ segir Soffía Vagnsdóttir sem var í dómnefnd. Hún segir það hafa verið erfitt fyrir dómnefndina að velja úr þeim nfu atriðum sem flutt voru. „Þetta var erfitt val en ég tel að við höfum valið á sem réttasta og sanngjarnasta hátt.“ Í öðru sæti var Agnes Marzelliusardóttir og fimm-menningar Freysteinn, Valli, Ásgeir, Ómar

Maggi Trausta urðu í þriðja sæti. Soffía segir að ekki eingöngu hafi söngvarnir lofað góðu heldur hafi þeir verið með gott bakland.

„Það var stór hópur sem kom að þessu með einum eða öðrum hætti og studdi flytjendur. Hljómsveitin var til að mynda frábær Það var gaman að sjá Gaman af sjá hvað það er mikið líf í skólunum og margir eru virkir. Nú er bara að vona að þeir sem ekki komust áfram haldi áfram í tónlistinni og styðji við sigurvegarann í keppninni fyrir norðan.“

Soffía óskar sigurvegarunum til hamingju og hvetur hann til að stefna á fyrsta sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna. „Nú er bara að stefna á fyrsta sætið



fyrir norðan. Enda hefur hann það sem til þarf og að auki með gott hráefni. Það væri nú skemmtilegt ef MÍ myndi vinna með vestfirsku lagi.“

Reikna má með því að margir Ísfirðingar fylgist spenntir með þátttöku Hermanns í keppninni sem haldin verður á Akureyri í

apríl. Fyrir tveimur árum náðu MÍ-ingar sínum besta árangri til þessa í keppninni en þá hreppti dúóið Daði Már Guðmundarson og Halldór Smáráson annað sæti. Þar áður var þriðja sætið besti árangur sem Menntaskólinn á Ísafirði hafði náð en því hafa fulltrúar skólans hampað tvisvar.

## Réttað yfir fé eða kosið?

### Stakkur skrifar >

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ekki er rétt að yfirgefa fjármálin strax. Almennningur, sem forseti Íslands nefnir annan löggjafann með Alþingi, mun kjósa um Icesave lögin 9. apríl næstkomandi. Nú veita skoðanakannanir vísbendingar um að ekki þurfi að rétta yfir þeirri skuldbindingu það er að segja, að fara með málið í dóm. Það kann að hafa í för með sér bæði kosti og galla. Margir eru sannfærðir um að Íslendingum beri alls ekki að borga skuldbindingar vegna innlánssjóða sem bankastjórar hins fallna Landsbanka stofnuðu til í Bretlandi og Hollandi. Það kann vel að standast. Eftir stendur spurningin um hvort víst sé að dómur dómstóla reynist hagstæður eða að minnsta kosti hagstæðari en þeir samningar sem nú hefur verið vísað til okkar, hins löggjafans.

Réttir voru merkar samkomur manna og fjár, en tilgangurinn var einmitt sá að draga það síðarnefnda í dilka. Réttir þykja enn forvitnilegar samkomur og gjarnan sækja íbúar þéttbýlisins þær sér til skemmtunar meðan bændur og búalið sjá um að koma fénu í réttu dilkana. Kannski var það vandamál bankamanna að þeir hefðu átt að fara í réttir og læra að draga fé í réttu hólfin, koma því á rétta staði. Það tókst því miður ekki og endaði með hinu margfræga hruni íslenska bankakerfisins og kröfum útlendra ríkisstjórna um að fá til baka fé sem þær greiddu sínu fólki. Var þá allt féð sem þeir höndluðu með rétt markað? Mark á fé hefur lengi verið notað til að sýna eignarhaldið og það gerir bændum kleift að endurheimta fé sitt að

hausti og njóta arðsins af því.

Hver nýtur arðs íslensks skattfjár er rennur til ríkisstjórna Bretlands og Hollands? Okkur Íslendingum veitir ekki af því um þessar mundir að ná vopnum okkar. Margt er í veginum. Óútkljáð deila um Icesave er sögð valda því að nýtt fé fái ekki inn í landið til framkvæmda. En seta yfir ám hefur kostað sitt. Ekki hefur verið virkjað þótt arðbært sé og þjóðinni til gagns. Það er brýnt að snúa af braut afturförar og stöðnun er óásættanleg. Það þarf að byggja upp. Annars fer þjóðinni aftur og lífskjörum hrakar. Fari svo verða æ færri á vinnumarkaði til að vinna fyrir þeim sem ekki fá tækifæri til þess að taka þátt í atvinnulífínu. Fleira fylgir eins og aukin glæpatíðni ef marka má reynslu annarra þjóða. Það er öllum hollt að vinna og starfa til gagns fyrir samfélagið.

Þess vegna kann að reynast skynsamlegt að rétta ekki um kröfur útlendinga í íslenskt skattfé og velja samningaleiðina. Gallinn er sá að upplýsing um hvað er verið að kjósa um er ekki góð. Fullyrðingar ganga á víxl og reynt er að hafa áhrif á kjósendur til beggja átta. Til þess að við kjósendur getum tekið rétta ákvörðun um að rétta eða rétta ekki yfir ógreiddu fé þurfum við að vita um hvað málið snýst í raun. Það er betra að setta sig við ranga ákvörðun ef allar staðreyndir lágu á borðinu þegar hún var tekin. Þannig er það í réttinum. Allt skal koma fram áður en dómur gengur.



# KJARNAFÆÐI



*Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði*

**Heimsklassa hráefni**

Yfirmatreiðslumaður Strikið veitingastaður.

**Róbert Hasler**



Stofnað  
**1985**

**SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI**  
**SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG**



# Undirbúningurinn kominn vel á veg

Undirbúningur fyrir keppnina Ungfrú Vestfirðir 2011 stendur nú yfir af fullum krafti en keppnin fer fram í næsta mánuði. Tíu stúlkur taka þátt og er það metþátttaka. Fjórar þeirra koma frá Suðureyri, fjórar frá Ísafirði og tvær úr Dýrafirði. Ýmislegt felst í undirbúningnum, meðal annars æfingar í framkomu. Þá komu stúlkurnar fram á konu- og kotteikvöldi á öl- og kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði á laugardag og sýndu fatnað frá versluninni Monró og Hafnarbúðinni.

Nöfn stúlnanna og lífsmottó þeirra eru:

Arndís Dögg Jónsdóttir, 21 árs frá Suðureyri og lífsmottó hennar

er: Shit happens but life goes on.

Bergros Eva Valsdóttir, 19 ára frá Suðureyri og lífsmottó hennar er: Vertu þú sjálfur.

Bylgja Dröfn Magnúsdóttir, 19 ára frá Ísafirði og lífsmottó hennar er: „Feisaðu“ fram á við, fortíðin er að baki.

Erla Sighvatsdóttir, 20 ára frá Dýrafirði og lífsmottó hennar er Hver er sinnar gæfu smiður.

Inga Sif Ingvadóttir, 20 ára frá Suðureyri og lífsmottó hennar er: Að gera betur í dag en í gær.

Ingunn Fanney Hauksdóttir, 19 ára frá Ísafirði og lífsmottó hennar er: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Karen Lind Richardsdóttir, 21 árs frá Þingeyri og lífsmottó hennar er: Spyr sá sem ekki veit, en ekkert veit sá sem aldrei spyr.

Kristey Bjarnadóttir, 19 ára frá Suðureyri og lífsmottó hennar er: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Lydía Björk Guðmundsdóttir, 21 árs frá Ísafirði og lífsmottó hennar er: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Rósey Ósk Stefánsdóttir, 19 ára frá Ísafirði og lífsmottó hennar er: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. – thelma@bb.is



**TOP N+ ... betra gler**  
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf  
Eyjasandi 2, 850 Hella  
sími: 488-9000 • fax: 488-9001  
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga.  
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

| H.                   | M.            | OLU-<br>FELAG                   | TÖF-<br>UNA          | KIND-<br>ARINN<br>AR | ✓ | DYR<br>EINS<br>A. BEIS<br>LI | EINS                   | ●             | TENN-<br>UR                    | OFNI                             | Ö-<br>NEFND         | ●     |
|----------------------|---------------|---------------------------------|----------------------|----------------------|---|------------------------------|------------------------|---------------|--------------------------------|----------------------------------|---------------------|-------|
| →                    |               |                                 |                      |                      |   |                              |                        | →             |                                |                                  |                     | ↓     |
| SKART<br>GRIP-<br>IR |               |                                 |                      |                      |   |                              |                        | ARID<br>SERHL |                                |                                  |                     |       |
| ●                    | BILL<br>NAGLI |                                 |                      |                      |   |                              | NAUT-<br>PEN-<br>INGUR |               |                                |                                  | TÖNN<br>Ö-<br>BERMI |       |
| →                    |               |                                 |                      |                      |   |                              | ↓                      | 50<br>ATT     |                                | UPPHR<br>EINS                    |                     | ↓     |
| ELSKA                |               |                                 |                      |                      |   | MED<br>SAM-<br>KOMU-<br>LAGI |                        |               |                                |                                  |                     |       |
| KVEN<br>SAFN         |               |                                 |                      |                      |   | JARMUR<br>EINS<br>UM Ö       |                        | TÖM           | ELDS-<br>NEXTI<br>EINS<br>UM A |                                  |                     |       |
| 1000                 |               | REYH-<br>DAR<br>NISTI           |                      |                      |   |                              |                        |               |                                | ●                                | ATT<br>UPP-<br>HR.  |       |
| FORS                 |               |                                 | FUGL-<br>UM<br>SAMHL |                      |   |                              |                        |               | UGGA<br>ILL-<br>GRESI          |                                  |                     |       |
| SKO-<br>FLA          |               |                                 |                      |                      |   | INN-<br>YFLA<br>EINS<br>UM N |                        |               |                                | EINK.ST<br>PUTI<br>VÖRU-<br>EIN. |                     |       |
| ●                    | ATT<br>HÖA    |                                 | HUG-<br>REKKI        | SAMAN<br>TÖNN        |   |                              |                        | ↓             | AFFA                           |                                  |                     | ←     |
| TÖNN                 |               | SARA-<br>GOSSA<br>HAFIÖ<br>FRYS |                      |                      |   |                              |                        |               |                                |                                  |                     | SAMHL |
| SJA-<br>DU           |               |                                 |                      | FOR-<br>MAÖ<br>UR    |   |                              |                        |               | GR,<br>SLA                     |                                  |                     | TUNNA |
| ILAT                 |               |                                 |                      |                      |   | EINS<br>UML                  |                        |               |                                | LITA<br>TALA                     |                     |       |
|                      |               |                                 |                      |                      |   | ●                            | →                      | TIMA          |                                |                                  |                     |       |
|                      |               |                                 |                      |                      |   | FOR-<br>FEBUR                |                        |               | HETTA                          | GUÖ<br>KLAKI                     |                     |       |
|                      |               |                                 |                      |                      |   | EINK.<br>ST                  | →                      |               |                                |                                  |                     | TALA  |
|                      |               |                                 |                      |                      |   | PUNTI                        |                        |               |                                |                                  |                     |       |

Lausn á síðustu krossgátu

| →                   | LJÖSA-<br>PERA | PAKI<br>A              | EINS<br>UM N | HRÍKA-<br>LEGUR | HUG-<br>FALL-<br>AST | ✓ | MAIM-<br>GRIND-<br>UR<br>UPPHR | TRYGG-<br>UR    | FLJÖT       | UTAN |
|---------------------|----------------|------------------------|--------------|-----------------|----------------------|---|--------------------------------|-----------------|-------------|------|
| →                   | P              | O                      | R            | R               | A                    | B | L                              | Ö               | T           | ↓    |
| OLGA                | Æ              | S                      | I            | N               | G                    | U | R                              |                 | FLJÖT       | R    |
| EINS                | R              | R                      |              | R               | A                    | G | I                              | SERHL<br>LÁNAST | Ú           | ↓    |
| BOR-<br>BER         | ↓              | A                      | L            |                 | L                    | A | S                              | T               | BÝLI        | B    |
| BLEM                |                | JÖA<br>FUGL-<br>INN    |              | H               | E                    | S | T                              |                 | UM-<br>FRAM | O    |
| EINK.<br>ST.<br>HJÓ | R              | ABFAR-<br>AR-<br>GERÖ  |              | L               | Ö                    | G | T                              | A               | K           | LA   |
| RAKA<br>LAUSA       | ↓              | FIÖTT-<br>URU<br>BEGAB |              | Ö               | F                    | U |                                | R               | A           | M    |
| DYRA<br>RIKIS       | ↓              | P                      | U            | R               | R                    | A |                                | HJÖM            | S           | Ö    |
| FORS                |                | SÁLIR<br>KJANA         |              | A               | N                    | D | A                              | R               |             | M    |
| GRIPA               |                | N                      |              | G               | A                    |   | SAMT.                          | O               | G           | R    |
| →                   | A              | N                      | N            | A               |                      |   |                                | ELDS-<br>NEXTI  | M           | Ö    |
| →                   | R              | A                      | N            | N               |                      |   |                                |                 | M           | A    |
|                     |                |                        |              |                 |                      |   |                                |                 |             |      |



# Saltfiskur og skötuselsragú

„Hér koma tvær fiskupp-skriptir sem við höfum notað mikið og eru auðveldar í eldun og hráefni ekki dýrt. Desert-kakan er fljótleg, einföld og mjög braðgód og holl.“

### Saltfiskur á grænmetisbeði

Saltfiskur, sem fæst í Bónus og tilbúinn á pönnuna. Magn fer eftir fjölda í mat 1-2 stykki á mann.

Fiskinum er velt upp úr hveiti sem hefur verið kryddað með pipar og uppáhalds karrýinu ykkar. Magn karrýs fer eftir karrýsmekk hvers og eins. Fiskurinn steiktur á heitri pönnunni upp úr smá smjöri og ég blanda það með ólífuolíu til helminga. Fyrst á roðlausu hliðinni og síðan á roðhliðinni í svona 4 mín á hvorri hlið eftir hita. Allavega fá roðið smá stökkt. Fiskurinn tekinn til hliðar og haldið heitum, þar

til grænmetið er tilbúið.

### Grænmeti

Nota má bara það grænmeti sem maður vill og er til í ísskápnunum og þarf að klára. Ég nota:

Sætar kartöflur, gulrætur, papriku, brokkál, sérítómata, blaðlaukur, rauðlaukur, hvítlaukur (2-3 rif eftir smekk), smjörbaunir, kannski 1/2 rauður chillipipar ef menn vilja styrkja blönduna.

Þetta er skorið niður í hæfilega bita og mýkt á pönnunni, sem fiskurinn var steiktur á, að viðbætti smá ólífuolíu. Kryddað með smá pipar, kannski skvettu af soja, eða ostrusósu. Því næst er fiskurinn settur ofaná og smá rjóma hellt á milli í grænmetið og látið krauma í nokkrar mínútur, og borið fram á pönnunni. Með þessu má svo hafa hvítlauksbrauð eða nýbakaðar kota-

sælubollur, og svo vín hússins (vatn).

### Skötuselsragú

600 g skötuselur  
Hveiti  
4 msk. olífuolíu  
2 laukar fínt saxaðir  
4 saxaðir hvítlauksgeirar  
1 paprika fínt söxuð  
200 g sveppir fínt saxaðir  
1 gulrót fínt söxuð  
½ knippi steinselja  
safí úr hálfri sítrónu  
2 msk smjör  
3 tómatar skornir í báta.  
Salt og pipar

Skerið skötuselinn í litla bita. Hitið olífuolíu á pönnu og mýkið laukinn og hvítlaukinn. Bætið síðan papriku, gulrót og sveppum á pönnuna og látið krauma í smá stund þar til það er orðið mjúkt. Setjið á disk. Veltið skötuselnum upp úr hveiti og steikið örstutt á



báðum hliðum á annarri pönnu. Bætið þá grænmetinu út á pönnuna og bætið steinselju, smjöri og tómötum úti, hellið sítrónusafanum yfir og kryddið. Leyfið þessu að hitna vel með fiskinum, þó ekki of lengi því þá verður skötuselurinn seigur. Borið fram með hrísgrjómum.

### Berjapæ

100 g brætt smjör  
1 dl sykur  
1 ½ dl hveiti  
2 ½ dl kókosmjöl  
150-200 g ný eða frosin aðal-


bláber

Öllu blandað saman og helm-ingur deigsins sett í botninn á endföstu móti, aðalbláberjum stráð yfir og síðan er restinni af deiginu dreift yfir. Bakað í 15-20 mínútur við 200°C. Gott með þeyttum rjóma en enn betra með ís og góður kaffibolli með er toppurinn.

Við viljum svo skora á Pál Janus Hilmarsson son okkar og Elísu Stefánsdóttur tengda-dóttur sem næstu matgæðinga.

## Áskorunin

Eiríkur Jóhannsson,  
27 ára kokkur.



Eiríkur heldur á smjörstykki af sömu þyngd og hann hefur misst í átakinu.

Eiríki gengur vel í heilsuátaki sem hann hóf í upphafi árs. Þegar sex vikur voru liðnar af átakinu, eða helmingur þess tíma sem hann setti sér til að ná markmiði sínu, hafði hann misst 5,8 kíló. Hafði hann því farið úr 105,6 kílóum í 99,8 kíló frá því að átakið hófst. Þá hafði mittismálið minnkað úr 112 sentimetrum í 105 sentimetra og fituprósentan dregist saman um 2,4% og var orðin 21%. „Eiríkur er að standa sig vel og á góðri leið með að ná markmiðinu sem er 95 kíló,“ segir Árni Heiðar Ívarsson einkapjálfari leiðbeinandi Eiríks í lífstílsbreytingunni. Rétt ber að geta að Eiríkur var nú þegar búinn að missa nokkur kíló áður en hann byrjaði í átakinu og vó í upphafi um 113 kíló.



## ÍSAFJARÐARBÆR

### ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Þjónustuútboð, sláttur opinna svæða í Ísafjarðarbæ 2011.“

### Helstu magntölur:

Ísafjörður 1,4 ha  
Suðureyri 0,7 ha  
Flateyri 3,8 ha  
Þingeyri 4,3 ha

Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð á tæknideild Ísa-fjarðarbæjar **þriðjudaginn 5. apríl nk. kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.



Kómedíuleikhúsið  
Miðasölusími: 450 5565



### Vestfirskur skáldskapur á 57 mínútum

3. mar. fim. kl. 20 Slippsalurinn Reykjavík  
4. mar. fös. kl. 20 Slippsalurinn Reykjavík

### Bakkabræður

2. apr. lau. kl. 14 Frumsýning Arnardal  
3. apr. sun. kl. 14 Arnardal  
9. apr. lau. kl. 14 Arnardal  
10. apr. sun. kl. 14 Arnardal  
21. apr. fim. kl. 14 Arnardal  
22. apr. fös. kl. 14 Arnardal





SUBARU

Confidence in Motion

# Ný kynslóð sigurvegara



**SUBARU FORESTER**  
2.0 bensín / 2.0 dísil

**SUBARU LEGACY SEDAN**  
2.0i bensín

**SUBARU LEGACY WAGON**  
2.0i bensín

**SUBARU OUTBACK**  
2.5i bensín

Íslendingar vita að Subarubílar eru öruggir á alla vegu. Þeir eru í raun einhver öruggustu bílakaup sem hægt er að gera hvernig sem á er litið. Þeir hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt með lágri bilanatiðni, góðu endursöluverði og framúrskarandi endingu.

Komdu við hjá okkur og kynntu þér þrjá nýja bíla frá Subaru, uppfærða útgáfu af Forester og alveg nýjar kynslóðir af Legacy og Outback.

**Við höfum opið á laugardag frá kl. 12-16.**



INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000